



# LAMPOSILEX 204/3.99

**MJÖG HRAÐHARÐNANDI OG VATNSVIRKT BINDIEFNI  
TIL AÐ STÖÐVA VATNSLEKA.**

## **NOTKUNARSVIÐ:**

Til að stöðva vatnsleka, tafarlaust, - jafnvel undir þrýstingi.

## **DÆMIGERÐ NOTKUN:**

- Til stöðvunar á vatnsleka í kjöllum, undirgöngum og undir jarðvegs yfirborði.
- Til að stöðva vatnsleka í vatnstönkum, ofanjarðar.
- Til vatnsþéttingar á skilum milli gólfs og veggja.
- Til að vatnsþétta sprungur, holur og rifur.
- Til að styrkja múrlagnir og hleðslusteina samskeyti, áður en vatnsþétt er með *IDROSILEX PRONTO*.

## **EIGINLEIKAR:**

*LAMPOSILEX* er sementskennt bindiefni í duftformi, tilbúið til notkunar, og framleitt úr sérstökum, háþrúðum sements-bindiefnum, sem þróuð eru á rannsóknarstofu *MAPEI*.

*LAMPOSILEX* er klórefnafrítt. Þegar efnið er blandað vatni, verður úr deigkenndur pasti sem auðvelt er að setja jafnvel á lóðréttan fleti án þess að setja upp sérstök mót.

*LAMPOSILEX* er **mjög** hraðharðnandi (u.þ.b. ein og hálf mínúta við +20°C), og nær við hörðnun:

- Mjög miklu þrýsti- og teygjuþoli, eftir u.þ.b. 90 mínútur.
- Verður vatnsþétt og vatnsfælið.

## **RÁÐLEGGINGAR:**

- Bætið ekki kalki, sementi eða gífsi í *LAMPOSILEX*.
- Varist að sólarljós skíni á *LAMPOSILEX* í umbúðunum fyrir notkun.

## **NOTKUNARREGLUR:**

### **Undirbúningur v/undirlags:**

- Víkkið út og stækkið sprungur og rifur ef hægt er, þannig að þær verði trekt-laga þ.e. seu víðastar fremst. Lágmarks utanmál verður að vera u.þ.b. 2 cm breitt og 2 cm djúpt.
- Hreinsið burt allt lauslegt úr holrúminu.

**Vatnsþétting á ósveigjanlegum samskeytum:**

- Fjarlægjið öll lausleg efni og aðskotahluti. Hreinsið burt ryk með loftþrýsingi.
  - Gegnbleytið viðgerðarrýmið með vatni.
  - Áður en þettað er, þarf að bíða þar til umfram-bleyta er gufuð upp. Nota má til þess svamp eða þrýstiloft.
- Bestu skilyrði eru, ef yfirborðið er þurrt en múrinn rakur að innan.

**BLÖNDUN:**

- Meðan hrært er, skal hella 1 Kg af *LAMPOSILEX* í hreint ílát með 280 g. af vatni þar til hræran er orðin kekkjalaus.
- Ef blandað er eftir rúmmáli, - skal blanda 2,5 hlutum af *LAMPOSILEX* með 1 hluta vatns.
- Hafa verður í huga mjög stuttan vinnslutíma *LAMPOSILEX*. Blandið því aldrei stærri skammt en hægt er að nota innan einnar mínútu.

**BORIÐ Á:****Stöðvun vatnsleka:**

Mótið *LAMPOSILEX* hræruna, og bíðið í nokkrar sekúndur þar til hræran tekur sig og troðið henni síðan í holuna / sprunguna. Þrýstið á í 2 til 3 mínútur, en þá hefur hörðnun átt sér stað.

- Eftir þetta skal fjarlægja allt umfram- efni með sandpappír eða slípirokk.
- Við mikinn leka, skal byrja viðgerðir efst í sprungum / raufum eða holum.

**Vatnsþétting á ósveigjanlegum samskeytum:**

- Troðið *LAMPOSILEX* hrærunni strax inn í holuna / samskeytin með spaða eða bretti.
- Haldið fletinum rökum fyrstu 15 til 20 mínúturnar.

**Varúðarráðstafanir við blöndun og lögn:**

- Ekki er þörf sérstakar varúðarráðstafana ef hitastig er u.þ.b. + 20°C.
- Við herra hitastig ber að varast að sól skíni á efnið og nota skal mjög kalt vatn í hræruna.
- Við lægra hitastig á vatnið að vera u.þ.b. 20° heitt, og *LAMPOSILEX* á að geyma í upphituðu herbergi. Lágt hitastig seinkar virknisferli efnisins.

**Nýting:** 1,8 Kg af *LAMPOSILEX* fyllir 1 lítra í rúmmáli.

**Hreinsun:** Fyrir hörðnun má hreinsa verkfæri með vatni. Eftir hörðnun er aðeins hægt að vélhreinsa tól og tæki.



**Pökkun:** LAMPOSILEX fæst í 5 Kg fötum.

**Geymsla:** Geymist innanhúss á þurrum stað.

## **TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR:**

### **Efnis lýsing:**

|                                        |                                                                                                       |
|----------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Efnisgerð .....                        | Fínkona duft.                                                                                         |
| Litur .....                            | Grár.                                                                                                 |
| Eðlisþyngd .....                       | 1,1 Kg / ltr.                                                                                         |
| Þurrefnis innihald .....               | 100 %.                                                                                                |
| Geymslutími (upphaflegar umbúðir) .... | 6 mánuðir á þurrum stað.                                                                              |
| Heilsuvá skv. EEC 88/379 .....         | Nei. Þó getur sements innihald efnisins valdir ertingu í húð og augum. Sjá <i>Safety Data Sheet</i> . |

### **Borið á:**

|                                     |                                   |
|-------------------------------------|-----------------------------------|
| Litur hræru .....                   | Grár.                             |
| Blöndunarhlutfall m.v. þyngd .....  | 100 g. LAMPOSILEX í 28 g. vatns.  |
| Blöndunarhlutfall m.v. rúmmál ..... | 2,5 hl. LAMPOSILEX í 1 hl. vatns. |
| Þéttleiki blöndu .....              | Auðmótanleg.                      |
| pH gildi blöndu .....               | 12.8                              |
| Lágmarkshiti við vinnslu .....      | + 5°C.                            |
| Vinnslutími við + 20°C .....        | U.þ.b. 1 mínúta.                  |

### **Endanlegir eiginleikar:**

|                            |                                                                                                                                                                                                             |
|----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Aflfræðileg einkenni ..... | Þrýsti- og sveigjupólspóf voru framkvæmt á strendingi sem var 4x4x16 cm að stærð og unninn skv. skilgreiningu “ <i>Italian Ministerial Decree</i> ” dags. 3.júní 1968. LAMPOSILEX var hrært með 28 % vatni. |
|----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

**Sveigjubols styrkur:**

(Flexural strength)

|                  |       |                       |
|------------------|-------|-----------------------|
| Eftir 30 mínútur | ..... | 3 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 1 klst.    | ..... | 4 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 3 klst.    | ..... | 4 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 24 klst.   | ..... | 5 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 7 daga     | ..... | 8 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 28 daga    | ..... | 9 N / mm <sup>2</sup> |

---

**Þrýstibols styrkur:**

(Compressive strength).

|                  |       |                        |
|------------------|-------|------------------------|
| Eftir 30 mínútur | ..... | 17 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 1 klst.    | ..... | 20 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 3 klst.    | ..... | 24 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 24 klst.   | ..... | 32 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 7 daga     | ..... | 44 N / mm <sup>2</sup> |
| Eftir 28 daga    | ..... | 46 N / mm <sup>2</sup> |

---

**AÐVÖRUN**

Þó tæknilegar leiðbeiningar og fyrirmæli þau sem að ofan greinir séu samkv. því sem okkur hefur reynst best, þá skulu þau aðeins höfð til viðmiðunar og aðeins sannreynd í ljósi nægjanlegrar reynslu af notkun efnisins. Því skal notandinn ganga úr skugga um hvort efnið hentar til fyrirhugaðrar notkunar enda hvílir á honum öll ábyrgð í því sambandi.

**FYRIR FAGMENN EINGÖNGU**